Tilkynna skal til Fiskistofu um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Umsóknir um flutning sóknardaga milli fiskibáta innan fiskveiðiársins 2001/2002 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2002. Umsóknir um flutning varanlegra sóknardaga milli fiskibáta skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2002. Berist umsókn síðar, hefur flutningur varanlegra sóknardaga ekki áhrif á úthlutun sóknardaga á fiskveiðiárinu 2002/2003.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 628, 16. ágúst 2001, um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2001/2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. febrúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 114 11. febrúar 2002

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, aðrar	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	102

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.9001	Gulrófur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	100

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2002. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 714/2001, nr. 752/2001, nr. 817/2001, nr. 915/2001 og 6/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. febrúar 2002.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

11. febrúar 2002 Nr. 115

REGLUGERÐ

um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, á öðrum tíma	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0703.1001	Laukur	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0